

Hópuppsagnir í desember 2022 og á árinu 2022

Hópuppsagnir í desember 2022


Engar tilkynningar um hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun í desember.

Tilkynningar á árinu 2022

Á árinu 2022 bárust Vinnumálastofnun 6 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem 229 manns var sagt upp störfum.


Flestir misstu vinnuna á árinu 2022 í fiskvinnslu 87, í félagastarfsemi 42 og í opinberri þjónustu 39.

Mynd 1
Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2022




Mynd 2 hér að neðan sýnir skiptingu tilkynntra hópuppsagna á landshluta. Um 78% tilkynnta hópuppsagna á árinu 2022 voru á höfuðborgarsvæðinu, og um 22% á Suðurnesjum.

Mynd 2
Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2022



Á mynd 3 má sjá að 228 af 229 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2022 komu til framkvæmda á því ári en 1 hópuppsagnanna á árinu 2022 kemur til framkvæmda á árinu 2023.

Mynd 3
Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2022 koma til framkvæmda



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2022 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2022 bárust


	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	27	11,8%	1	16,7%
feb	0	0%	0	0%
mars	34	14,8%	1	16,7%
apríl	92	40,2%	2	33,3%
maí	0	0%	0	0%
júní	39	17%	1	16,7%
júlí	0	0%	0	0%
ágúst	0	0%	0	0%
sept.	37	16,2%	1	16,7%
okt.	0	0%	0	0%
nóv.	0	0%	0	0%
des.	0	0%	0	0%
<i>Alls</i>	<i>229</i>	<i>100%</i>	<i>6</i>	<i>100%</i>

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2022

Alls komu 256 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2022, 228 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2022 og 28 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2021. Á mynd 4 má sjá hvenær hópuppsagnir komu til framkvæmda á árinu 2022 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2021 svo og á árinu 2022.

Mynd 4

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2022 og 2023 úr tilkynningum sem bárust árið 2021 og á árinu 2022



Hópuppsagnir síðustu ár

Samtals hefur 22.075 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á tímabilinu 2008 til 2022. Flestir misstu vinnuna á árinu 2020 eða alls 8.789 manns og á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir. Ekki hefur færri verið sagt upp störfum í hópuppsögnum á tímabilinu 2008 til 2022 en á árinu 2022 eða 229 en næst fæstum eða 231 var sagt upp störfum í hópuppsögnum á árinu 2014.

Mynd 5 sýnir þróun fjölda tilkynntra hópuppsagna árin 2008 til 2022.

Mynd 5
Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2022

